



## **Reglur um viðhald og nýbyggingu girðinga.**

### **1.gr.**

Reglur þessar eru settar skv. Girðingalögum nr. 135/2001.

### **2. gr.**

Viðhald og nýbygging girðinga þar sem kostnaðarhlutdeild Húnavatnshrepps er 80% skal unnið af aðilum sem sveitarfélagið semur við. Efniskaup skulu einnig vera á vegum Húnavatnshrepps.

### **3.gr.**

Nauðsynlegt er að ná samkomulagi við landeigendur um hagkvæmustu leiðir um viðhald og endurbætur þeirra girðinga, sem Húnavatnshreppur er aðili að og eru með annarri kostnaðarskiptingu en tilgreind er í 2.gr..

### **4.gr.**

Húnavatnshreppur áskilur sér rétt til að gera úttekt á girðingum og viðhaldi þeirra áður en greiðsla á hlut sveitarfélagsins fer fram.

### **5.gr.**

Ákvörðun þessi var samþykkt á 135. fundi hreppsnefndar Húnavatnshrepps þann 3. júlí 2013.

---

Jens P. Jensen,  
sveitarstjóri Húnavatnshrepps.